

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 192/1982. **Hörður h/f**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Olúfélaginu Skeljungi h/f**

(Gestur Jónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Skuldamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 4. maí 1982. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og jafnframt, „að kveðið verði á um í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1981 og síðan á sama degi árlega, svo ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir“ felist að um vaxtavexti sé að ræða.“ Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Breyting sú, er stefndi, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, hefur gert á vaxtakröfu sinni, er ný krafa fyrir Hæstarétti. Kemur hún af þessum ástæðum ekki til álita fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt yfirlit yfir viðskipti málsaðilja vegna gasolíu og smurolíu, sem ágreiningur er um í máli þessu. Samkvæmt yfirliti þessu eru reikningar yfir úttekt áfrýjanda að fjárhæð 24.120.34 krónur frá maí 1979 til janúar 1980, en upp í þá fjárhæð hefur áfrýjandi greitt 2. og 3. janúar 1980 2.000.00 krónur í peningum og skilað aftur gasolíu að verðmæti 2.907.82 krónum. Samkvæmt yfirlitinu nam skuld áfrýjanda við stefnda árið 1979 í lok maí 1.099.79 krónum, í lok júní 4.740.98 krónum, í lok júlí 6.675.57 krónum, í lok október 17.579.32 krónum, í lok nóvember 20.954.42 krónum, í árslok 21.234.25 krónum og í lok janúar 1980 19.212.52 krónum.

Áfrýjandi hefur ekki andmælt þessu yfirliti tölulega og ekki

heldur því, að málsókninni er beint að honum að því er varðar gasolíu, sem talið kynni að verða, að gengið hefði til forsvarsmanns áfrýjanda, Ólafs Sigtryggssonar.

Í janúar 1980 skilaði áfrýjandi stefnda gasolíu, eins og áður segir. Var þar um að ræða gasolíu, er hann átti ónotaða á olíugeymum sínum, er hitaveita var lögð í hús hans. Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt því, sem greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykir óhætt við það að miða, að áfrýjandi og forsvarismaður hans hafi fengið afhentar og hagnýtt sér þær olíuvörur, sem stefndi krefst greiðslu fyrir í málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Átelja ber, að málatilbúnaður stefnda í héraði var óskýr og kröfugerð hvarflandi.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hörður h/f, greiði stefnda, Olíufélaginu Skeljungu h/f, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. mars 1982.**

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., höfðaði Olíufélagið Skeljungur h.f., Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík, gegn hlutafélaginu Herði, Fitjabraut 3 í Ytri Njarðvík, með áskorunarstefnu, birtri 20. mars 1981.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 24.120.34 ásamt 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.099.79 frá 1. júlí 1979 til 1. ágúst 1979, en af kr. 4.740.98 frá þeim degi til 1. september 1979, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi af kr. 6.675.57 til 1. desember 1979, en af kr. 17.579.32 frá þeim degi til 1. janúar 1980, en af kr. 20.954.42 frá þeim degi til 1. febrúar 1980, en af kr. 21.234.25 frá þeim degi til 1. mars 1980, en af kr. 24.120.34 frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og ríflegan málskostnað að mati dómsins, allt að frádrægnum kr. 4.907.82, greiddum 2. og 3. janúar 1980 inn á skuld þessa.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins. Til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

#### *Málavextir og málsástæður.*

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera vegna kaupa stefnda á gasolíu hjá sér á tímabilinu frá því í maí 1979 til janúar 1980. Gasolía þessi hafi að mestu verið til húsahtunar og hafi henni verið dælt af oliubifreiðum stefnanda á tanka hjá stefnda. Þannig hafi verið um samið, að stefndi greiddi skuld sína í næsta reikningsmánuði eftir úttekt. Starfsmenn stefnda hafi við afhendinguna fyllt út þar til gerða afhendingarseðla og merkt þá með upphafsstöfum sínum. Afhendingarseðlar, sem krafa sín byggist á, séu merktir með fangamörkunum V. A. og A. A. Stefndi hafi ekki mótmælt því, að verð oliunnar hafi á þessum tíma verið eins og greini á afhendingarseðlunum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki veitt viðtöku gasolíu þeirri, er stefnandi krefji greiðslu á í málinu, enda beri framlagðir afhendingarseðlar með sér, að ekki hafi verið kvittað fyrir móttöku oliunnar. Stefndi hafi þó sérstaklega farið þess á leit við stefnanda, að starfsmaður sinn kvittaði fyrir móttöku.

Ef sannað þyki, að stefnandi hafi afgreitt fyrrgreinda olíu til sín, þá sé greiðsluskyldu mótmælt á grundvelli þess, að stefndi hafi ekki pantað olíu þessa og beri því enga ábyrgð á greiðslu hennar, en stefndi hafi mælt svo fyrir við stefnanda, að hann afgreiddi ekki olíu til sín nema eftir pöntun.

Stefndi mótmælir sérstaklega greiðsluskyldu sinni vegna gasolíu þeirrar, er skv. afhendingarseðlum hafi verið afgreidd á krana stefnda. Loks mótmælir stefndi vaxtakröfu sem of hárrí.

Fyrir dóm hefur komið sem vitni Jón Eyfjörð Sæmundsson, framkvæmdastjóri útibús stefnanda í Keflavík. Hann kveður „alveg öruggt,“ að viðskipti skv. hinum framlögðu afhendingarseðlum hafi farið fram. Það sé almenn venja hjá olíufélögunum þremur í Keflavík, að ekki sé kvittað fyrir afgreiðslu á olíu til húsahtunar. Það sé ekki gert nema í undantekningartilvikum, þ.e. þegar sérstaklega sé um það beðið af kaupanda, en svo hafi ekki verið af stefnda. Hins vegar sé kvittað fyrir afhendingu til skipa og fyrir allar stærri afgreiðslur. Vitnið kveðst halda, að afgreiðsla til stefnda hafi bæði verið framkvæmd eftir pöntun og skv. þar til gerðum kortum. Stefndi hafi í mörg ár greitt reikninga, sem ekki hafi verið kvittaðir, og minnst vitnið engra mótmæla við umboð stefnda í Keflavík, varðandi fyrrgreinda afhendingarseðla.

Vitnið kveður bifreiðastjóra þann, er afgreiði olíu hverju sinni, merkja með fangamarki sínu á ákveðinn reit á afhendingarseðlinum, eftir að olíunni hafi verið dælt á viðkomandi tank. Þá taki hann neðsta ritið — nótunnar séu í fjórri — og setji það inn í hús kaupanda. Þetta sé alltaf gert, venjulega í gegnum blaðagöt eða sett inn fyrir, ef dyrnar séu ekki læstar. Sé hins vegar læst, sem oft komi fyrir, þá sé reynt að stinga seðlinum milli stafs og hurðar.

Vitnið Vignir Árni Árnason, bifreiðastjóri hjá stefnanda, hefur lýst því yfir í réttinum, að það hafi afgreitt gasolíu til stefnda á því tímabili, sem framlagðir afhendingarseðlar greini, og að það hafi við afhendinguna skrifad fangamark sitt, A. A., á hluta afhendingarseðlanna. Olía þessi hafi aðallega verið til húsa hitunar, en skv. afhendingarseðlum í málinu hafi eitthvað verið afgreitt á krana. Afgreiðslu oliunnar kveður vitnið ýmist hafa verið gerða skv. pöntun, eftir tilmælum skrifstofunnar eða að beiðni kranastjórans. Ekki hafi verið venja að kvitta fyrir móttöku.

Vitnið Valdimar Axelsson, oliubifreiðastjóri hjá stefnanda í Keflavík, hefur í réttinum fullyrt, að það hafi afgreitt olíu til stefnda, eins og greini á afhendingarseðlum, merktum með fangamarkinu V. A., sem það kveðst hafa skráð á fyrrgreinda afhendingarseðla. Þess hafi ekki verið krafist af oliubifreiðastjórum að láta kvitta fyrir olíu til húsa og ekki hafi verið venja, að það væri gert nema í einstaka tilvikum, þegar kaupandi hafi beiðið svo um. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að stefndi hafi óskað eftir því, að maður frá honum væri viðstaddur áfyllingu og kvittaði fyrir. Afgreidd olía hafði að mestu verið til húsa hitunar, en í einstaka tilvikum hafi verið sett á krana, sem stefndi hafi haft til umráða.

#### *Álit dómsins.*

Þegar virtur er samhljóða framburður oliubifreiðastjóra þeirra, er borið hafa vitni í málinu og staðfest hafa afgreiðslu skv. hinum framlögðu afhendingarseðlum með fangamarki sínu, verður að telja sannað, að afhending á gasolíu þeirri, er þar greinir, hafi átt sér stað á þeim tíma, er þar getur, og á það bæði við um gasolíu til húsa hitunar og á krana stefnda. Eigi breytir það niðurstöðu þessari, að ekki hefur verið kvittað fyrir móttöku á afhendingarseðlum, enda upplýst, að almenn venja hafi verið að afgreiða gasolíu til húsa hitunar, án þess að kvittað væri fyrir móttöku, nema þess væri krafist af kaupanda. Stefndi hefur ekki sannað þá fullyrðingu sína, að hann hafi óskað eftir því við stefnanda, að kvittað væri fyrir móttöku á afgreiðslu gasolíu til sín, en eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir þessari staðhæfingu sinni, m.a. með hliðsjón af fyrri viðskiptum stefnda og stefnanda, en stefndi mótmælir því ekki að hafa áður greitt skv. ókvittuðum afhendingarseðlum.

Eigi verður á það fallist með stefnda, að hann beri ekki ábyrgð á greiðslu hinnar umstefndu skuldar, vegna þess að hann hafi ekki pantað margnefnda gasolíu. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að stefndi hafi mótmælt afhendingu olíunnar né heldur að hann hafi hreyft mótmælum gegn afritum afhendingarseðlanna, sem vitnið Jón Eyfjörð Sæmundsson kveður skilin eftir hjá kaupanda eftir hverja afgreiðslu.

Tölulegum niðurstöðum afhendingarseðlanna hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Með hliðsjón af framangreindu er krafa stefnanda tekin til greina að öðru leyti en því, að vextir dæmast sem hér greinir: 22% ársvextir af kr. 1.099.79 frá 1. júlí 1979 til 1. ágúst 1979, af kr. 4.740.98 frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir af kr. 6.675.57 frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir af kr. 17.579.32 frá þeim degi til 1. janúar 1980, af kr. 16.046.60 frá þeim degi til 1. febrúar 1980, af kr. 16.326.43 frá þeim degi til 1. mars 1980, af kr. 19.212.52 frá þeim degi til 1. júní 1980, en 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til stefnubirtingardags, 39% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögudags, en hæstu lögleyfðu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Vaxtabreyting þessi er gerð skv. fullyrðingu stefnanda um greiðslur stefnda inn á hina umstefndu skuld, en eins og málatilbúnaði stefnanda er háttað, verður að lita svo á, að greiðslur þessar hafi gengið til lækkunar höfuðstóls.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.575.00.

Drífa Pálsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla embættisanna dóm-  
arans.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Hörður h.f., greiði stefnanda, Olíufélaginu Skeljungi h.f., kr. 19.212.52 með 22% ársvöxtum af kr. 1.099.79 frá 1. júlí 1979 til 1. ágúst 1979, af kr. 4.740.98 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af kr. 6.675.57 frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af kr. 17.579.32 frá þeim degi til 1. janúar 1980, af kr. 16.046.60 frá þeim degi til 1. febrúar 1980, af kr. 16.326.43 frá þeim degi til 1. mars 1980, af kr. 19.212.52 frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20. mars 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.575.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.